



Andrés Önd var afskaplega  
önnum kafinn náungi.  
Önnum kafin, þreytt  
og pirruð persóna.

– Það er alltaf sama  
sagan, tautaði hann  
gramur þegar hann  
virtu fyrir sér garðinn  
bak við húsið sitt.  
Á hverju einasta vori  
planta ég hér alls  
konar grænmeti ...



... og á hverju einasta  
sumri éta skorkvikindin – og hæsni  
nágrannans – hverja ögn sem hér sprettur.  
Það er ópolandi!







– Það er kannski ekkert  
vit að vera að þessu,  
bætti hann við íhugandi.  
Nei, það er alveg út í hött! Hinir eru hyggjari  
sem hafa engan kálgarð. Þeir útbúa sér  
tennisvöll eða sundlaug í staðinn ... Andrés  
hrökk upp úr hugleiðingum sínum. Sundlaug!  
Með tæru, svölu vatni! ... Og dýfingarbretti!


Í sömu svifum kölluðu Ripp, Rapp og Rupp til hans. Þeir voru að leggja af stað í viku dvöl til Ömmu Andar í sveitinni.

– Við verðum að flýta okkur til að ná rútunni, Andrés frændi. Gakktu nú ekki alveg fram af þér í garðinum á meðan við erum í burtu, sagði Ripp. Andrés veifaði til þeirra að skilnaði en hann virtist vera djúpt hugsí.






Andrés hélt áfram að hugsa um sundlaugina þegar bræðurnir voru farnir. Loks hrópaði hann upp yfir sig: – Það geri ég! Svo hringdi hann í besta sundlaugasmiðinn í Andabæ og bað hann að færa sér í snatri einhverjar teikningar. Maðurinn kom að vörmu spori með ótal sýnishorn til að velja úr og Andrés ákvað á endanum að panta fyrsta flokks afburða-úrvalsgerð!






Andrésí til mikillar ánægju birtist strax daginn  
eftir stærðar skurðgrafa til að grafa fyrir  
sundlauginni. Og um leið og því var lokið  
byrjuðu verkamenn að vinna við laugargerðina.






... Og aðeins tveim dögum  
síðar stóð Andrés úti í garði  
með bros á vör og virti fyrir sér fyrstaflokks  
afburðar úrvalsgerðar sundlaugina sína.  
– Er hún ekki dásamleg? sagði hann rogginn.  
Ég get varla beðið eftir því að bræðurnir komi  
heim. Ég er viss um að þeir æpa af fögnuði  
um leið og þeir sjá hana!

– Já, þetta vatn biður mann hreint og beint um að baða sig í því, sagði Andrés um leið og hann sneri við og hljóp heim að húsinu. Ég ætla að fara í nýju sundskýluna mína og fá mér sundsprett undir eins!







En í sömu andrá heyrði Andrés einhvern kalla til sín hikandi röddu og þegar hann leit við sá hann tvo litla stráka teygja höfuðin upp fyrir girðinguna.

– Vá, það er aldeilis flott sundlaug sem þú átt, sagði annar þeirra. Megum við kannski prófa hana þínu agnarlitla stund? Bara í þetta eina sinn?

– Tja, ja-á, ætli það ekki, ansaði Andrés. En snöggir þá!


Þegar Andrés var búinn að klæða sig í sundskýluna hljóp hann út að lauginni og sagði við sjálfan sig á leiðinni:

– Ég er nú meiri lukkunnar þamfillinn!

Bara með einkasundlaug á lóðinni hjá mér!

Nú get ég synt í friði og ró hvenær sem mér sýnist. Og engin fjárans skorkvikindi að angra mig framar! En hann komst brátt að því að í sundlauginni rékti hvorki friður né ró.


Það leit út fyrir að allt ungvíði Andabæjar hefði safnast saman í nýju sundlauginni hans.



Andrés var agndofa. Laugin var troðfull af aðkomugestum og allir æptu og skræktu hástöfum af einskærri ánægju.

Hamangurinn var svo mikill að við lá að fjaðrirnar tættust af Andrési. Og ekki nóg með það. Einn þjakkurinn var nærri búinn að ýta honum út af hans eigin dýfingarbretti!





Aldrei hefði Andrés  
getað órað fyrir þessu.  
Splunkuný sundlaug  
yfirfull af aðskotalýð!

Og hann brást við á þann  
hátt sem honum var tamastur.

– Upp úr með ykkur! öskraði hann sótrauður  
í framan af reiði. Ég leyfði bara tveimur að fara  
út í. Allir hinir eiga að hypja sig burt á stundinni!

En í þessum háværu gleðilátum heyrði enginn í Andrési og allir héldu áfram að leika sér. Löngu, löngu seinna, þegar óboðnu gestirnir voru loksins farnir heim til sín að borða, neyddist Andrés til að hleypa vatninu úr lauginni og hreinsa hana. Aldrei á ævi sinni hafði hann séð annað eins samsafn af jó-jóum, sundkútum, sælgætisbréfum og vatnsbyssum.






Morguninn eftir  
vaknaði Andrés hress og vonglaður.  
Hann hlakkaði svo til að hlaupa út og synda fyrsta  
sprettinn aleinn í nýju  
sundlauginni sinni.



En Andrés rak í rogastans þegar hann kom  
að lauginni. Hún var full af hundum!  
Stórum, loðnum, geltandi hundum!




Ókunnur maður rak hausinn upp fyrir girðinguna.

– Ég var á morgunrölti með hundana mína,  
sagði hann glaðlega, og þeir komu auga á  
sundlaugina þína. Þeir eru alveg vitlausir í vatn  
eins og þú sérð. Ég horfi  
oft á þá busla svona  
tímunum saman.






Andrés trúði ekki sínum eigin eyrum.  
Busla svona tímunum saman?  
– Ekki í minni sundlaug, takk fyrir!  
öskraði hann. Ef þú kemur  
þér ekki burt á stundinni  
með þessa rakka  
þína skal ég ...



Hann lauk ekki við  
setninguna því yfir  
hann helltist skriða af  
krökkum sem voru  
komin aftur til að  
synda í lauginni hans.  
Og hópurinn hafði  
heldur stækkað ef  
nokkuð var!






– Nei, nei, ég á þessa laug! æpti Andrés viti  
sínu fjær. Þið megið ekki vaða út í mína laug!  
Það er ekkert réttlæti í því!

Um kvöldið, þegar Andrés var öðru sinni að hreinsa sundlauginna sína og tína upp öll leikföngin, sundkútana og hundaólarnar sem innrásarliðið hafði skilið eftir, datt honum allt í einu ráð í hug.






Hann hljóp inn til sín, greip símtólið og hringdi. Skömmu síðar var stórum vörubíl ekið upp að húsinu.  
– Sturtaðu því beint í sundlaugina, sagði Andrés við bílstjórann. Öllum tíu tonnunum!



Andrés brosti íbygginn meðan hann horfði á ísköggla renna í stríðum straumum ofan í laugina. – Þetta ætti að fæla ófögnuðinn frá! tautaði hann glottandi.





Morguninn eftir fór allt eins og til var ætlast. Krakkarnir í Andabæ komu askvaðandi og stukku út í laugina án þess að gefa neinn gaum að stóru ísklumpunum sem möruðu þar í hálfu kafi. En þeim brá heldur ónotalega við þegar þeir fundu hvað vatnið var kalt og voru fljótir að skríða upp úr aftur helbláir í framan og hríðskjálíandi.



Seinna þennan sama morgun kom Andrés út úr húsinu sínu hress í bragði. Nú var honum ekkert að vanbúnaði að fá sér sundsprett í friði og ró og hann var upp með sér af því hvað honum hafði hugkvæmst snjallt ráð til að flæma krakkaskrílinn burt úr lauginni sinni.





En þegar hann stakk sér til sunds brá honum  
illilega í brún. Ísköglarnir voru að vísu flestir  
bráðnaðir en vatnið var enn jökulkalt.

Hann varð að forða sér  
upp úr í flýti til þess að  
verða ekki innkulsá!






Andrés var æfur af reiði. Honum hafði ekki enn gefist færi á að njóta endurnærandi hvíldar í nýju sundlauginni sinni og nú yrði hann sennilega að þrauka sólarhring í viðbót þar til allur ísinn væri bráðnaður. Og ekki tók betra við þegar hann fór út að ganga því hópur af krökkum gerði aðstúg að honum og púaði á hann!



– Þetta er karlfíflíð  
sem eyðilagði allt gamanið fyrir  
okkur! hrópuðu þau. Og sum þeirra fóru meira að  
segja að kasta í hann tómötum úr garðinum hjá sér.  
Á heimleiðinni var aumingja Andrés orðinn alveg  
eins og tómatsósuflaska  
á hlaupum.






Seinna um daginn hittust  
nokkrar af mæðrum barnanna  
til að bera saman bækur sínar.

– Lítið þið bara á handlegginn  
á honum Sigga mínum,  
sagði ein þeirra.

Hann skrámaðist  
svona í þessari  
skaðræðis sundlaug!

– Já, og hún Maja mín  
fór þangað og hún er  
svo sólbrennd að það  
er ekki sjón að sjá  
hana, bætti önnur við.






– Öllu nágrenninu stafar beinlínis hætta af Andrésí Önd, hvein í einni mömmunni.

Hann kærir sig kollóttan þó að börnin okkar slasist hvert á fætur öðru í sundlauginni hans!

– Já, förum til hans og látum hann hafa það óþvegið! lögðu hinar mæðurnar til.

Skömmu síðar, þegar Andrés var rétt í þann veginn að stinga sér í allra fyrsta sinn til sunds í sinni eigin sundlaug, hringdi dyrabjallan hjá honum.



Og þegar hann opnaði dyrnar  
féll honum allur ketill í eld.  
Úti fyrir stóð hópur af bálreiðum  
konum sem skóku hnefana  
framan í hann og otuðu jafnvel  
að honum regnhlífunum sínum.






– Farðu frá, Andrés Önd! æptu þær.  
Við erum komnar til að rannsaka sund-  
laugina þína. Hún uppfyllir greinilega  
ekki öryggiskröfur og framvegis munum  
við ekki leyfa börnunum okkar að leika  
sér í henni nema þú ráðir til þín  
útlærðan sundlaugarvörð!

Andrési var heitt í hamsi þegar hann hleypti konunum gegnum húsið og út í bakgarðinn þar sem sundlaugin var. Hann ætlaði ekki að láta þessar nöldurskjóður svipta sig langþráðri sælustund í sundlauginni sinni.






En þegar Andrés kom út til mæðranna varð hann fyrir enn einu áfallinu. Þær voru nefnilega allar farnar að ösla hinar ánægðustu í sundlauginni hans!



- Láttu renna dálítið úr henni, sagði ein þeirra. Vatnið er of djúpt til að vaða í því.
- Hún er fín, sagði önnur. Ætli ég leyfi Jóa mínum bara ekki að leika sér hérna þrátt fyrir allt!
- Ó, nei! kveinaði Andrés alveg miður sín.



Tveim dögum seinna komu Ripp, Rapp og Rupp heim úr sveitinni. Þeir höfðu átt góða daga hjá Ömmu Önd og hlökkudu til að segja frænda sínum ferðasöguna.





Fyrst leituðu þeir að Andrési inni í húsinu en þegar hann var ekki þar datt þeim í hug að gá út í garð.

En um leið og þeir opnuðu bakdyramegin tók Rupp andköf og hrópaði:

– Nei! Sjáðu bara! Það er komin sundlaug hér!

Það sem kom þeim þó mest á óvart var að sunn-  
laugin var full af mold og búið að planta þar út  
alls konar grænmeti! Aldrei höfðu bræðurnir séð  
neitt jafn furðulegt. En þegar þeir spurðu frænda  
sinn hvernig á þessu stæði svaraði hann þurrlega:  
– Ég komst að því að það er miklu skárra að  
umgangast óvelkomin skordýr en óvelkomnar  
manneskjur!

